

Ed.

511. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að koma upp verbúðum fyrir viðlegubáta.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hl. (GJ, PM og SÁÓ) vill vísa því frá með rökstuddri dagskrá, en undirritaðir vilja, að frumvarpið verði samþykkt með lítils háttar breytingu.

Fyrir nefndinni lágu umsagnir um frv. frá Fiskifélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, og mæla þessir aðilar allir með því, að frv. verði samþykkt. Einnig barst nefndinni bréf hafnarstjórans í Reykjavík, en í því er engin afstaða tekin til frumvarpsins, heldur aðeins gefnar upplýsingar um verbúðir við Reykjavíkurböfn.

Í umsögn Fiskifélagsins kemur fram, að við á sé þörf aðgerða í þessum efnum, og það ekki aðeins fyrir aðkomubáta á vertíðum, heldur einnig fyrir heimabáta í verstöðvunum, því að við á sé aðbúnaður þeirra óviðunandi.

Við teljum því rétt, að sérstakar ráðstafanir séu gerðar til þess að bæta úr þessu ástandi, svo sem frumvarpið mælir fyrir um, en teljum ástæðulaust að binda þær við Faxaflóa einan, svo sem upphaflega var í frumvarpinu, eða við vetrarvertíð einvörðungu, svo sem gert var í neðri deild, heldur viljum við, að heimildin sé almenn, svo að nota megi hana hvar sem þörf krefur og ástæða verður talin til. Einnig viljum við, að tekin sé aftur upp í frumvarpið heimild um leigunám á húspláss, sem felld var niður við meðferð málsins í neðri deild. Breytingar þessar eru í samræmi við umsögn Fiskifélags Íslands.

Samkvæmt framansögðu leggur minni hl. til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi.

BREYTINGU.

Við l. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt, ef nauðsyn krefur, að láta reisa verbúðir fyrir fiskibáta í þeim verstöðvum, þar sem viðhlítandi hafnarskilyrði eru fyrir hendi. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að taka leigunámi húspláss í þessu skyni og útbúa það til notkunar.

Alþingi, 11. marz 1947.

Steingr. Aðalsteinsson,
frsm.

B. Kristjánsson,
fundaskr.